



HVAÐ ER FÓLKIÐ AÐ GERA? Minnisspil

Markmið:

Að finna orð og mynd sem passa saman og reyna að safna sem flestum pörum. Að festa í minni algengar sagnir. Hentar sem viðbótarefni fyrir byrjendur, t.d. með kafla 3 „Hvað ert þú að gera?“ í *Íslenska fyrir alla 1*.

Ágætt getur verið að aðgreina orðaspil og myndaspil með því að prenta þau út á mismunandi lituð blöð, t.d. orðaspilin gul en myndaspilin appelsínugul. Best er að plasta spilin til að þau geymist betur.

Það er nauðsynlegt að leggja inn allar sagnirnar í spilinu áður en það er spilað. Flestar sagnirnar í spilinu eru kenndar í 3. kafla í *Íslensku fyrir alla 1* en til viðbótar eru í spilinu sagnirnar: *að læra, að synda, að þrjóna, að heilsa, að vakna, að sofa og að kaupa*. Þessar sagnir er auðvelt fyrir kennarann að leika og skrifa orðin á töfluna áður en spilið er spilað.

Aðferð:

Nemendur vinna saman tveir eða fleiri og fá spilastokka sem innihalda öll sagnaspilin og orðaspilin. Þeir raða spilunum á hvolf á borð, orðaspilum saman og myndaspilum saman. Nemendur skiptast á að fletta upp, annars vegar myndaspili og hins vegar orðaspili. Um leið og myndaspili er flett upp á að segja „hann/hún er að ...“ (+ viðeigandi sögn). Ef myndin og orðið eiga saman er komið þar sem nemandinn tekur til hliðar. Sá vinnur sem fær flest pör.

að drekka



að keyra



að lesa



að ganga

að skrifa

að hlusta

að tala

að borða

að horfa

að dansa

að hjóla

að heilsa

að þrjóna

að læra

að synda

að vinna

að vakna

að sofa

að kaupa

að fara
í strætó

